



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2474  
komudagur 17.5.2011

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2011


**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 763 á 139. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (samspil örorkugreiðslna og lífeyrissjóða).**

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 10. maí sl. leitað eftir umsögn LL við framangreint frumvarp.

Á vegum LL hefur frumvarpið verið yfirfarið og þá einkum 3. gr. þess. Frumvarpið er til samræmis við samkomulag sem gert var milli stjórnvalda og LL dags. 30. desember 2010 en það var gert á grundvelli viljayfirlýsingar dags. 3. desember sl. um afnám víxlverkunar bóta annars vegar og hins vegar um hækkun á frítekjumarki ellilífeyrisþega. Verði frumvarpið að lögum má ætla að tilganginum verði náð sem er að rjúfa gagnkvæma tekjutengingu sem fylgir núgildandi lögum og leitt getur til víxlverkandi breytinga á örorkulífeyrisgreiðslum milli almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Með vísan í ofangreint gera LL ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri